

Héraðsdómur Reykjavíkur

Úrskurður 8. febrúar 2021

Mál nr. E-3321/2020:

Hrefna Katrín Svavarsdóttir
(*Jónas Örn Jónasson lögmaður*)

gegn

Fjallabyggð og
(*Hjörleifur B. Kvaran lögmaður*)
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.
(*Kristín Edwald lögmaður*)

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

Mál þetta var höfðað 25. maí 2020. Stefnandi er Hrefna Katrín Svavarsdóttir, [...], Fjallabyggð. Stefndu eru Fjallabyggð, [...] og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., [...].

Stefnandi krefst þess aðallega að viðurkennd verði með dómi skaðabótaábyrgð stefndu, Fjallabyggðar og Sjóvár-Almennra trygginga hf., vegna líkamstjóns stefnanda sem hún varð fyrir þegar hún datt niður af þaki hússins á heimili sínu þann 2. júní 2010.

Til vara krefst stefnandi þess að viðurkenndur verði með dómi réttur stefnanda til skaðabóta úr slysatryggingu launagreiðanda stefnda, Sjóvár-Almennra trygginga hf., vegna líkamstjóns stefnanda sem hún varð fyrir þegar hún datt niður af þaki hússins á heimili sínu þann 2. júní 2010.

Til þrautavara krefst stefnandi þess að viðurkennd verði með dómi skaðabótaábyrgð stefnda Fjallabyggðar, vegna líkamstjóns sem stefnandi varð fyrir þegar hún datt niður af þaki hússins á heimili sínu þann 2. júní 2010.

Þá er þess krafist í öllum tilfellum að stefndu verði dæmd til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu. Þá er þess krafist að málskostnaður verði tildæmdur stefnanda eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi, Fjallabyggð, krefst þess aðallega að máli þessu verði vísað frá héraðsdómi.

Til vara að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Jafnframt að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi eða samkvæmt mati dómsins.

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar, krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málið var tekið til úrskurðar 12. janúar 2021 um frávísunarkröfu stefnda Fjallabyggðar en stefndi Sjóvá tók undir þá kröfu þótt félagið geri ekki sjálfstæða kröfu um frávísun þess. Dómarinn telur, í ljósi niðurstöðu málsins, rétt að rekja málsatvik ítarlega og málsástæður aðila einnig um efnisatriði málsins, þó einkum málstæður stefnanda í þeim efnunum.

Málsatvik

Ágreiningslaust er að stefnandi datt niður af þaki heimilis síns að [...] þegar hún vann að undirbúningi fyrir málningarvinnu. Fallið var um þrjár metrar og lenti stefnandi á steintröppum, hugsanlega áður á handriði með tröppunum. Stefnandi var flutt með sjúkrabifreið á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar og þaðan með sjúkraflugi á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Nokkrum dögum síðar var hún flutt aftur á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar þar sem hún mun hafa dvalist í sjö vikur. Samkvæmt myndgreiningarskýrslum komu myndir sem teknar voru 3. júní 2010 af hægri upphandlegg, lungum og hjarta, rifbeinum, hryggsúlu, parenchym líffærum og kviðarholi eðlilega út. Stefnandi var hins vegar fótbrotin á hægri fæti.

Stefnandi starfaði, samkvæmt lýsingu í stefnu málsins, hjá Fjallabyggð frá árinu 2007. Þann 1 janúar 2010, eftir að hún lauk háskólanámi sem þroskaþjálfari, var gerður nýr

ráðningarsamningur þar sem hún var ráðin sem ráðgjafarþroskaþjálfari/deildarstjóri yfir málefnum fatlaðra hjá Fjallabyggð.

Með hinum nýja ráðningarsamningi öðlaðist stefnandi rétt skv. alhliða frístundarslysatryggingu, þar sem hún færðist frá verkalýðsfélaginu Kili til Þroskaþjálfafélagsins sem er aðili að BHM. Trygging þessi mun hafa verið keypt hjá stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og var í gildi á slysdegi.

Fjallabyggð var eðli málsins samkvæmt kunnugt um slysið strax en slysið mun hins vegar ekki hafa verið tilkynnti til stefnda Sjóvá-Almennta trygginga hf. fyrr en að sögn stefnanda í ágúst 2019 en samkvæmt stefnda Sjóvá, sem félagið styður gögnum, mun stefnandi hafa tilkynnt félaginu um slysið í apríl 2015 og mótttekið tilkynningu um höfnun á bótaskyldu með bréfi dagsettu 11. maí 2015, en þar tilgreindi félagið sem rök fyrir höfnun að stefnandi hefði ekki tilkynnt um slysið innan árs frá því hún hefði fengið vitneskju um þau atvik sem krafan um bætur yrði reist á.

Stefnandi kveðst enga hugmynd hafa haft um að hún væri slysatriggð hjá stefnda Fjallabyggð en um það hafi sveitarfélagið ekki upplýst hana.

Á þeim tíma þegar stefnandi lá á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri kveður hún bæjarstjórn og aðra starfsmenn sveitarfélagsins hafa verið í sambandi við sig og eiginmann sinn - og deildarstjóra fjölskyldudeildar nánast daglega.

Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem fylgdu stefnu málsins verður ráðið að stefnandi hafi, auk þess að vera til skoðunar vikurnar eftir slysið, verið til skoðunar hjá Valþóri Stefánssyni, lækni hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands, 21. september 2015, 9. október 2018 og 9. janúar 2019. Þá fór stefnandi í frekari myndgreiningu á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri 22. apríl 2014 og röntgenmyndatöku 10. október 2018. Myndgreiningarnar sýndu, eftir því sem næst verður komist, engar stöðuskekkjur í mjóhryggnum. Engin samfellsbrot á liðbolum og þvertindarnir reyndust heilir. Ekkert misgengi, hryggþófarnir höfðu eðlilega hæð og SI liðirnir voru eðlilegir.

Af gögnum málsins verður ekki séð að stefnandi hafi undirgengist lækniáðgerðir í kjölfar slyssins en hún hefur verið nokkuð nýlega til meðferðar hjá Virk starfsendurhæfingu.

Stefnandi kveðst hafa orðið fyrir mjög alvarlegu tjóni í umræddu slysi og varanlegum skaða. Það verður að telja ágreiningslaust að stefnandi býr við mjög skerta heilsu en í þessari umfjöllun verður engu slegið föstu um hverjar raunverulegar afleiðingar á heilsu stefnanda verða raktar til slyssins 2010.

Stefnandi lýsir því svo að eftir að hún útskrifaðist af spítalanum hafi heilsu hennar fljótlega farið að hraka. Hún hafi aldrei náð fullu þreki og orðið að minnka vinnu sína í 75% árið 2014 og að lokum hafi hún hætt allri vinnu árið 2016. Um sé að ræða varanlegt líkamlegt tjón. Frá og með 1. mars 2019 var örorka hennar metin 75% og hefur Tryggingastofnun að sögn stefnanda samþykkt endurhæfingarlífeyri og lífeyrissjóðir einnig, þar sem hún fái í dag greiddar bætur.

Stefnandi leitaði til lögmanns vegna málsins árið 2019, sem sendi bréf til stefnda Fjallabyggðar þar sem farið var fram á að sveitarfélagið viðurkenndi bótaábyrgð. Með tölvuskeyti 2. maí 2019, hverju fylgdi lögfræðilít hafnaði sveitarfélagið bótaábyrgð.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi kveðst hafa verið líkamlega og andlega hraust fyrir slysið, en afleiðingar þess hafi orðið mjög alvarlegar. Við slysið hafi stefnandi fengið mikið högg á líkamann allan, þar sem hún datt niður á tröppur hússins. Lítið álagsþol hafi fylgt og miklir stoðkerfisverkir sem farið hafi vaxandi frá þeim tíma.

Í niðurstöðu úr starfsendurhæfingarmati frá Virk, sem dagsett sé 19. desember 2019, sé tilgreint að um varanlegan heilsubrest sé að ræða sem valdi óvinnufærni stefnanda og enn fremur að starfsendurhæfing hjá Virk sé talin fullreynd. Stefndu hafi þá verið vísað í heilbrigðiskerfið. Stefnda sé í dag metin 75% öryrki skv. mati Tryggingastofnunar.

Afleiðingar slyssins hafi valdið stefndu umtalsverðum skerðingum á lífsgæðum, sér í lagi í athöfnum daglegs lífs, og ljóst sé að bein orsakatengsl séu á milli fyrrgreinds slyss og tjónsins.

Hún hafi orðið fyrir tímabundnu atvinnutjóni og varanlegu líkamstjóni og miska. Hins vegar hafi hún ekki haft fjármagn til að borga sjálf matsgerð til að meta fyrrgreinda þætti, og af þeim sökum sé krafist viðurkenningar á bótaábyrgð.

Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði með dómi skaðabótaábyrgð stefnda Fjallabyggðar vegna afleiðinga líkamstjóns sem stefnandi varð fyrir vegna slyssins, á grundvelli þess að stefndi/starfsmenn stefnda hafi með saknæmum og ólögðum hætti valdið stefnanda tjóni. Starfsmenn stefnda Fjallabyggðar hafi verulega vanefnt skyldur sínar gagnvart stefnanda og beri því bótaábyrgð á því tjóni sem stefnandi hafi orðið fyrir, sbr. sakarregluna og regluna um vinnuveitendaábyrgð. Hin saknæma háttsemi hafi orðið þess valdandi að stefnandi málsins hafi á grundvelli fyrirbyggjandi gagna tapað bótarétti.

Stefnandi byggir á sakarreglunni, nánar tiltekið að stefndi Fjallabyggð beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem stefnandi hafi orðið fyrir. Byggt er á því, að þar sem stefndi Sjóvá hafi neitað bótaábyrgð vegna slysatryggingar launþegans á grundvelli þess að tilkynning hafi verið send of seint, beri Fjallabyggð bótaábyrgð vegna þess athafnaleysis að hafa ekki tilkynnt slysið réttilega til tryggingafélagsins.

Fyrirliggjandi sé í málinu að þegar umrætt slys átti sér stað, hafi stefnandi verið tryggð með slysatryggingu launþega sem stefndi Fjallabyggð hafi verið með hjá Sjóvá Almennum tryggingum hf., fyrir starfsmenn sína.

Stefnandi byggir á því að við undirritun ráðningarsamnings hafi stefndi Fjallabyggð og starfsmenn sveitarfélagsins vanrækt upplýsinga- og leiðbeiningarskyldu sína gagnvart stefnanda. Við undirritun ráðningarsamningsins hafi stefnandi ekki verið upplýst um tilvist slysatryggingar launagreiðanda sem hafi verið hluti samningsins.

Sök starfsmanna sveitarfélagsins hafi því orðið þess valdandi að stefnandi hafi ekki vitað um tilvist tryggingarinnar fyrr en í lok ársins 2018. Byggt er á því að í lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 sé kveðið skýrt á um þá upplýsinga- og leiðbeiningarskyldu sem hvíli á sveitarfélaginu, með beinum og óbeinum hætti. Í skilmálum slysatryggingarinnar sé einnig kveðið á um þessa ríku skyldu beggja stefndu, auk þess sem skylda þessi sé ein af meginreglum vinnuréttarins.

Nánar um þetta vísist enn fremur til EES-samningsins og gerða þess samnings, einkum tilskipunar frá 14. október 1991 „um skyldu vinnuveitanda að skýra launþegum frá samningsskilmálum eða ráðningarfyrirkomulagi“ (91/533/EBE).

Eftirfarandi ákvæði skipti meginmáli í þessu sambandi:

Samkvæmt ákvæði 9. gr. laganna nr. 30/2004 sé rík skylda stefnda Sjóvár-Almennra trygginga hf., að upplýsa um tilvist tryggingar og réttindi, til tryggingartaka sjálfs, sem er stefndi Fjallabyggð, og enn fremur þeirra sem hafa hag af tryggingunni, sem væri skv. þessu stefnandi málsins.

Í VII. kafla laganna komi fram í 44. gr. um stöðu tjónþola við ábyrgðartryggingu eftirfarandi: „Ef váttrygging tekur til tjóns váttryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá félaginu. Félaginu og váttryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún til staðar.“ Ljóst sé að samkvæmt þessu ákvæði hafi sú skylda hvílt á stefndu að upplýsa stefnanda um trygginguna, en það hafi verið vanrækt.

Í IX. kafla sé að finna sérákvæði um hópváttryggingar sem slysatrygging falli undir, og komi skýrt fram í 55. gr. og 56. gr. laganna að tryggingafélaginu og váttryggingartaka beri skylda til að sjá til þess að tryggður aðili fái allar upplýsingar um tilvist tryggingarinnar og efni hennar, sbr. 54. gr. Skýrt sé kveðið á um þessa skyldu í 56. gr. þar sem tilgreint sé að „hver sá sem telst þáttakandi fái váttryggingarskírteini eða staðfest afrit þess og þá skilmála sem um váttrygginguna

gilda“. Vísist í þessu sambandi enn fremur til XIX. kafla laganna þar sem séu einnig sérstakar reglur um hópvátryggingar.

Nánar um upplýsingaskylduna vísist til einkum XI. kafla laganna sem hafi verið gildandi á þeim tíma þegar slysið varð, sbr. 64. gr. og 69. gr. laganna.

Byggt er á því að í málinu verði að leggja til grundvallar strangt sakarmat, þar sem um gríðarlega mikla hagsmuni sé að ræða fyrir starfsmanninn, stefnanda þessa máls og að á sama hátt standi rök til þess að sönnunarbyrði hvíli að mörgu leyti á stefnda.

Ljóst sé að skilyrði um orsakatengsl og sennilega afleiðingu séu uppfyllt. Orsök tjónsins sé gáleysisleg háttsemi starfsmanna stefnda Fjallabyggðar. Afleiðingar þeirrar háttsemi sé, samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum í málinu, missir bótaréttar vegna varanlegs líkamstjóns.

Stefnandi byggir kröfur sínar á stefnda, Sjóvá, á því að tryggingafélagið beri ábyrgð á tjóni stefnanda á grundvelli slysatryggingar sem sveitarfélagið hafi keypt fyrir launþega. Tjónið falli undir skilmála slysatryggingarinnar sem hafi verið í gildi á þeim tíma er slysið varð.

Byggt sé á því að stefnandi hafi tilkynnt slys sitt til sveitarfélagsins og tryggingafélagsins með fullnægjandi hætti og í samræmi við ákvæði slysatryggingarinnar og enn fremur laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Sjá í þessu sambandi einkum 134. gr. laganna.

Í lok árs 2018 hafi svo stefnandi fyrst fengið í hendur upplýsingar um tilvist slysatryggingarinnar og hafi lögmaður stefnanda þá tilkynnt tjónið til stefnda Fjallabyggðar og til stefnda Sjóvá.

Stefnandi byggir á því að uppfyllt hafi verið ákvæði 124. gr. laganna um tilkynningarskyldu innan árs frá því að henni varð ljóst um tilvist tryggingarinnar og

skilmála hennar. Í þessu felist að í lok ársins 2018, eða um haustið hafi stefnandi fyrst fengið „vitneskju um atvik sem þurfti til þess að unnt væri að tilkynna“ um kröfu á hendur tryggingafélaginu. Það sé einnig á þeim tímapunkti að endanlega komi fram um hinar varanlegum afleiðingar. Enn fremur sé byggt á því að krafan sé ófyrnd.

Í málinu byggir stefnandi á því að hún hafi ekki gert neitt rangt í ferlinu og því fráleitt að hún hafi glatað rétti sínum samkvæmt slysatryggingunni sem verið hafi til staðar.

Stefnandi byggir á því að starfsmenn stefnda Sjóvár-Almennra trygginga hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt ákvæðum laga um váttryggingarsamninga 30/2004, einkum upplýsingaskylduna gagnvart stefnanda. Í þessu sambandi vísist að miklu leyti til fyrrgreindra málsástæðna í kafla um bótaábyrgð stefnda Fjallabyggðar. Samkvæmt lögum um váttryggingarsamninga hvíli rík skylda á tryggingafélaginu að tryggja á ótvíræðan hátt að tryggingartaki og tjónspoli búi yfir vitneskju um tilvist og skilmála tryggingarinnar.

Varakrafa málsins beinist eingöngu að stefnda Sjóvá, á grundvelli þeirra málsástæðna sem greini hér að framan. Byggt sé á því að slys stefnanda falli undir slysatryggingu launþega sem hafi verið í gildi á þeim tíma sem stefnandi lenti í slysinu og eigi stefnandi því rétt á bótum úr hendi tryggingafélagsins.

Að öðru leyti vísist til röksemda að baki aðalkröfu.

Þrautavarakrafan beinist eingöngu að stefnda Fjallabyggð á grundvelli þeirra málsástæðna sem greini fyrir aðalkröfu málsins. Byggt sé á því að stefndi Fjallabyggð beri ábyrgð á því að stefnandi málsins hafi tapað bótarétti vegna vanrækslu á upplýsingagjöf til hennar og enn fremur vanrækt skyldur til tilkynningar á slysinu.

Um lagarök vísar stefnandi til skaðabótalaga nr. 50/1993, með síðari breytingum, og almennra ólögfesta reglna íslensks réttar um skaðabætur, þar á meðal til sakarreglunnar, reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Auk þess er vísað til reglunnar um hlutlæga ábyrgð. Vísað er til laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, stjórnáráðslulaga nr. 37/1993, laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Vísað er og til þágildandi kjarasamnings.

Vísað er til EES-gerða, einkum tilskipunar frá 14. október 1991 „um skyldu vinnuveitanda að skýra launþegum frá samningsskilmálum eða ráðningarfyrrirkomulagi“ (91/533/EBE).

Varðandi heimild til að höfða viðurkenningarmál vísist til 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 og um málskostnað til XXI. kafla sömu laga.

Málsástæður stefndu um efnisatriði málsins verða rakin stuttlega.

Stefndi Fjallabyggð teflir fram, til stuðnings frávísunarkröfu sinni, að kröfur stefnanda séu fyrndar. Verði ekki fallist á að það leiði til frávísunar málsins telur stefndi að sú málsástæða eigi þá að leiða til sýknu, þ.e. ef málið fær fulla efnismeðferð.

Stefndi vísar til þess að öðru leyti að slysatrygging launþega samkvæmt kjarasamningi nái til slysa sem hafi varanlega örorku í för með sér. Í kjarasamningnum sé kveðið á um að skilmálarnir séu almennir skilmálar sem í gildi séu fyrir atvinnuslysatryggingar launþega hjá Sambandi íslenskra tryggingarfélaganna. Það sé váttryggingartakið sem greiði tjónþolum bætur en ekki váttryggingartaki. Í skilmálunum sé hvergi kveðið á um að váttryggður, í þessu tilviki stefnandi, geti sótt rétt til bóta samkvæmt skilmálunum beint til váttryggingartaka. Stefnandi geti því aðeins beint kröfum sínum að váttryggingarfélaginu. Því beri að sýkna stefnda á grundvelli aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Skilmálar slysatryggingar launþega séu þeir að vátryggður glati rétti til bóta ef hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því hann veit um atvik sem hún sé reist á.

Byggt sé á því að frestur til að tilkynna vátryggingaratburð hafi verið liðinn þegar krafa hafi borist stefnda Fjallabyggð 3. apríl 2019 og stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. 28. ágúst 2019. Tilkynningarskyldan hvíli á tjónþola og engum öðrum. Þá eigi samkvæmt lögum nr. 30/2004 og vátryggingarskilmálum að tilkynna vátryggingarfélaginu um bótaskyld atvik.

Í þriðja lagi sé á því byggt að frestur til að höfða dómsmál gegn stefnda, Fjallabyggð, hafi verið liðinn þegar stefna máls þessa var birt.

Í 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga sé kveðið á um að hafni félagið kröfu um bætur í heild eða að hluta glati sá sem rétt eigi til bóta þeim rétti ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd skv. 141. gr. innan árs frá því að hann fékk sannanlega tilkynningu um höfnunina. Stefndi, Fjallabyggð, telur að beita eigi lögjöfnun og að sami frestur gildi um málshöfðunarfrest gagnvart vátryggingartaka og vátryggingarfélagi. Stefndi Fjallabyggð hafi hafnað bótaskyldu 30. apríl 2019. Stefna máls þessa hafi verið birt stefnda Fjallabyggð 25. maí 2020 og hafi þá ársfrestur til málshöfðunar verið liðinn.

Í fjórða lagi er á því byggt að frestur til framlagningar örorkumats sé liðinn. Í 18. gr. skilmála slysatryggingar launþega, sé kveðið á um að örorka ákvarðist í fyrsta lagi einu ári eftir slysið með hliðjón af ástandi slasaða þá. Telji slasaði eða félagið, að örorkan geti breyst, geti hvor um sig krafist þess, að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en þrjú ár frá slysdegi. Í gr. 18.4.c sé kveðið á um að þótt gera megi ráð fyrir, að ástand hins slasaða kunni að breytast, skuli undantekningarlaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Dómstólar hafi túlkað ákvæðið á þann veg að matsgerð og kröfum vegna þeirra verði ekki komið að eftir þann tíma.

Í fimmta lagi er sýknukrafan á því byggð að stefnandi hafi fyrirgert rétti sínum til bóta úr slysaftryggingu launþega fyrir tómlæti. Krafa stefnanda sé fyrst sett fram gagnvart stefnda Fjallabyggð 3. apríl 2019 eða tæpum níu árum eftir slysið. Á þeim tíma kunni ýmsar breytingar að hafa orðið á högum stefnanda og í starfsendurhæfingarmati Virk starfsendurhæfingarsjóðs, frá 16. janúar 2019, megi sjá að stefnandi hafi orðið fyrir miklu álagi og áföllum árið á undan og einkum síðustu mánuði. Örorkumat nú muni ekki gefa rétta mynd af ástandi stefnanda í kjölfar slyssins árið 2010.

Kröfur stefnanda á hendur stefnda Fjallabyggð séu einkum á því byggðar að starfsmenn stefnda hafi vanrækt upplýsingaskyldu og leiðbeiningarskyldu sína gagnvart stefnanda og hafi með því sýnt af sér saknæma háttsemi. Starfsmönnum Fjallabyggðar hafi borið að upplýsa stefnanda um rétt hennar til slysabóta.

Þegar slysið átti sér stað 2. júní 2010 hafi verið í gildi ráðningarsamningur milli stefnanda og stefnda. Í ráðningarsamningnum komi fram að stéttarfélag stefnanda sé Þroskaþjálfafélag Íslands. Stefnandi hafi því notið réttinda samkvæmt kjarasamningi Þroskaþjálfafélagsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Í kjarasamningnum sé kveðið á um margvísleg réttindi launþega í 13 köflum. Sérstakur kafli sé um tryggingar og þar á meðal um tryggingu starfsmanna fyrir dauða eða vegna varanlegrar örorku. Starfsmenn séu tryggðir við vinnu sína en einnig utan vinnu.

Í kjarasamningnum sé kveðið á um að tryggingin taki gildi um leið og tryggingaskyldur launþegi komi á launaskrá. Tilgreint sé í kjarasamningnum að skilmálar séu almennir skilmálar þegar kjarasamningurinn sé gerður. Tryggingin gildi allan sólarhringinn.

Kjarasamningar Þroskaþjálfafélags Íslands séu birtir á heimasíðu félagsins og þar geti og eigi félagsmenn að kynna sér samningsbundin réttindi sín.

Skilmálar slysatryggingar launþega kveði á um í 22. gr. að vátryggður glati rétti til bóta ef hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því hann vissi um atvik sem hún er reist á. Tilkynningarskyldan hvíli á vátryggðum, þ.e. í þessu tilviki stefnanda.

Bætur vegna slysa greiðast ef vátryggður hefur orðið fyrir varanlegri örorku. Ekkert hafi legið fyrir, að því séð verði, í kjölfar slyssins að það hefði varanlegar afleiðingar í för með sér og varanlega örorku. Stefnandi hafi hafið störf að nýju tæpum tveimur mánuðum eftir slysið og verið mjög takmarkað undir eftirliti lækna í kjölfar slyssins.

Starfsmenn stefnda, Fjallabyggðar, hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi í kjölfar slyssins. Á þeim hafi engin skylda hvílt til að upplýsa stefnanda um réttindi hennar samkvæmt kjarasamningi. Starfsmenn stefnda hafi því síður haft vitneskju um að slysið hefði varanlegar afleiðingar í för með sér þannig að stefnandi ætti rétt á bótum á grundvelli varanlegrar örorku.

Að öllu framangreindu virtu beri að sýkna stefnda, Fjallabyggð, af öllum kröfum stefnanda, fái málið efnismeðferð.

Stefndi vísar máli sínu til stuðnings til laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og meginreglna vátryggingarréttarins. Enn fremur til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þá vísar stefndi til gildandi framlagðra skilmála um slysatryggingu launþega. Málskostnaðarkrafa stefnda byggist á 130. gr., sbr. 129. gr., laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefndi Sjóvá telur í fyrsta lagi að sýkna beri þar sem stefnandi, sem beri alfarið sönnunarbyrði um tjón sitt og orsök þess, hafi ekki sannað að orsakatengsl séu milli þeirra einkenna sem hún lýsir nú og slyssins 2. júní 2010. Ekki sé hægt að lesa annað úr málsatvikalýsingu í stefnu en að stefnandi hafi innan nokkurra mánaða hafið aftur störf eftir að hún hafi útskrifast af Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar. Það hafi ekki

verið fyrir en fjórum árum síðar að hún hafi lækkað vinnuhlutfall sitt niður í 75% og 2016 þurft svo að hætta allri vinnu. Samkvæmt lækningögnum málsins hafi stefnandi byrjað að þróa með sér vefjagigt í kringum 2014 en þá hafi stefnandi einnig lent í verulegum persónulegum erfiðleikum. Með hliðsjón af því og að fjögur ár hafi liðið frá því að slysið varð og þar til stefnandi þurfti að lækka vinnuframlag sitt telur stefndi orsakasamband ekki vera fyrir hendi. Þetta styðjist enn fremur við þau rök að myndgreining framkvæmd 22. apríl 2014, þ.e. fjórum árum eftir fallið, hafi komið eðlilega út. Það hafi ekki verið fyrir en í segulómmynd 16. október 2018, átta árum eftir fallið, að myndgreining af stefnanda hafi ekki að öllu leyti komið eðlilega út hvað stoðkerfi hennar varðaði.

Stefndi krefst í öðru lagi sýknu þar sem stefnandi hafi ekki uppfyllt tilkynningarskyldu sína skv. 1. mgr. 124. gr. vsl. Ákvæðið kveði á um að sá sem eigi rétt til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu með eða án uppsagnarréttar, glati þeim rétti ef ekki er gerð krafa um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún sé reist á. Einnig sé kveðið á um þessa skyldu í 22.1 gr. gildandi vátryggingarskilmála.

Ljóst sé að slys stefnanda átti sér stað 2. júní 2010. Stefndi telur að stefnandi hafi fengið vitneskju um þau atvik sem krafa hennar er reist á þegar við slysið. Stefnandi hafi strax við slysið mátt gera sér grein fyrir því að fallið hafi verið alvarlegt, og henni gat ekki hafa dulist að fallið gæti mögulega haft í för með sér varanlegar afleiðingar. Hún hafi hins vegar ekki tilkynnt um slysið fyrir en 21. apríl 2015 eða um fimm árum eftir að henni var eða hefði mátt vera ljóst um þau atvik sem krafa hennar var reist á.

Hvað varði þá röksemd stefnanda að henni hafi ekki verið kunnugt um vátryggingu sína beri fyrst að nefna að þótt ráðningarsamningurinn sem undirritaður hafi verið 26. júlí 2010 hafi ekki að geyma vísun í kjarasamninginn sjálfan kveði hann á um að stéttarfélag stefnanda sé Þroskaþjálfafélag Íslands. Stefnanda hafi því mátt vera ljóst að um ráðningarsamband hennar gildi kjarasamningur milli Þroskaþjálfafélags Íslands og Launanevndar sveitafélaga, undirritaður 1. desember 2009, og þar með um tilvist umræddrar slysatryggingar.

Stefndi hafnar því að hafa vanrækt upplýsingaskyldu. Í því samhengi sé rétt að áréttu það sem segi um ákvæði ráðningarsamnings, þ.e. um hvaða stéttarfélögum stefnandi tilheyrði. Auk þess hafi stefnanda ekki fyrst orðið kunnugt um tryggingarvernd sína árið 2018 líkt og haldið sé fram í stefnu heldur hafi henni a.m.k. orðið kunnugt um hana árið 2015. Meint brot á upplýsingaskyldu hafi því engin áhrif.

Þá verði enn fremur ekki séð að þau ákvæði sem stefnandi vísi til um upplýsingaskyldu stefndu eigi við.

Þá krefst stefndi í þriðja lagi sýknu þar sem krafa stefnanda sé fyrnd. Krafa stefnanda fyrnist á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs þegar sá er kröfuna á fékk nauðsynlegar upplýsingar er krafa hans sé reist á, sbr. 125. gr. vsl. Eins og rakið sé líti stefndi svo á að stefnandi hafi þá þegar er slysið varð haft nauðsynlegar upplýsingar er krafa hans sé reist á. Meintur brestur á upplýsingaskyldu stefndu getur ekki fært upphaf fyrningarfrestsins fram frá því tímamarki þegar tjónþoli gerði sér grein fyrir því að afleiðingar gætu verið varanlegar auk þess sem ljóst sé að stefnandi hafði mun fyrr upplýsingar um tryggingarvernd sína en haldið sé fram í stefnu. Krafa stefnanda hafi því fyrnst í síðasta lagi í árslok 2014 en ekki hafi verið gerð tilraun til að rjúfa fyrningu fyrr en 25. maí 2020.

Þá sé ella ljóst samkvæmt 2. mgr. 124. gr. vsl. og 22. gr. gildandi váttryggingarskilmála, að hafni váttryggingarfélag kröfu um greiðslu bóta glati sá sem rétt eigi til bóta þeim rétti ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd váttryggingamála innan árs frá því að hann fékk tilkynningu um höfnunina. Einnig sé kveðið á um þessa skyldu í 22.2 gr. gildandi váttryggingarskilmála.

Stefnandi hafi tilkynnt slysið fyrst til stefnda Sjóvár 21. apríl 2015. Stefndi Sjóvá hafi hafnað kröfu stefnanda 11. maí 2015 og tilkynnt samtímis um lengd frests til að skjóta málinu til úrskurðarnefndar í váttryggingarmálum eða dómstóla og lögfylgjur þess að láta hjá líða að gera það í samræmi við 2. mgr. 124. gr. vsl. Stefnandi hafi hins vegar stefnt málinu 25. maí 2020, þ.e. fimm árum eftir lok frestsins. Ljóst sé því að krafa stefnanda hafi fallið niður fyrir tómlæti.

Stefndi byggir að lokum sýknukröfu á því að krafan hafi fallið niður þar sem örorkumat hafi ekki farið fram innan þriggja ára eins og áskilið sé í grein 18.4 c í gildandi váttryggingarskilmálum um að undantekningarlaust beri að framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir að slys verði.

Um lagarök vísar stefndi einkum til skaðabótalaga nr. 50/1993, með síðari breytingum, og meginreglna skaðabótaréttar um orsakatengsl. Þá vísar stefndi einnig í lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, einkum 124. og 125. gr. laganna. Einnig er vísað til 2. mgr. 25. gr. 1. mgr. 95. gr. og e- og g-liða 80. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 varðandi mögulega frávísun. Um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Röksemdir aðila fyrir frávísun málsins

Stefndi Fjallabyggð byggir kröfu sína um frávísun málsins á vanreifun en ella fyrningu. Stefndi Sjóvá gerir ekki sjálfstæða kröfu um frávísun málsins en tekur undir málsástæður stefnda Fjallabyggðar í þeim efnum og reifar reyndar í greinargerð sinni svipuð sjónarmið til skoðunar á því hvort málinu skuli vísað frá dómi af sjálfsdáðum (ex officio).

Stefndi Fjallabyggð vísar til þess að stefnandi höfði mál þetta sem viðurkenningarmál. Heimild til þess sé í 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, enda hafi aðili lögvarða hagsmuni af því að skorið sé úr um tilvist eða efni réttinda. Áskilnaður ákvæðisins um lögvarða hagsmuni hafi í dómum Hæstaréttar verið skýrður svo, að sá sem höfði mál til viðurkenningar skaðabótaskyldu, verði að leiða nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni, gera grein fyrir því í hverju tjón hans felst og hver tengsl þess séu við atvik málsins.

Ljóst sé að stefnandi slasaðist þegar hún datt af þaki húss síns 2. júní 2010. Í engu þeirra gagna sem fylgja stefnunni gefi að líta vísbendingu um að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni sem mögulega gæti komið til að yrði bætt úr þeirri slysátryggingu sem

stefnandi krefst bóta úr í máli þessu. Engin gögn gefi tilefni til að ætla að stefnandi hafi orðið fyrir læknisfræðilegri örorku og engin gögn liggi fyrir um varanlegar afleiðingar slyssins, s.s. örorkumat.

Í stefnu skorti enn fremur verulega á að gerð sé grein fyrir því í hverju ætlað tjón stefnanda vegna óhappsins felist. Þá sé í stefnu eða öðrum gögnum málsins ekki sýnt fram á að ætlað líkamstjón stefnanda hafi haft varanlegar afleiðingar. Að mati stefnda sé málið vanreifað og uppfylli stefnan ekki ákvæði 1. mgr. 95. gr., sbr. 80. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum sé vísað til e- og g-liða lagagreinarinnar.

Þá byggir stefndi Fjallabyggð frávisunarkröfu sína á því að samkvæmt 52. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 fyrnist krafa um bætur á fjórum árum. Fresturinn hefjist við lok þess almanaksárs er váttryggður hafi fengið nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem séu grundvöllur kröfu hans. Kröfur um greiðslu bóta eða váttryggingarfjárhæðarinnar fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá því að váttryggingaratburður gerist, sbr. einnig grein 23 í skilmálum slysatryggingar launþega.

Hæstiréttur hafi í dómum sínum miðað fyrningarfrest við það tímamark þegar heilsufar tjónþola hafi verið orðið stöðugt eða þegar tjónþola hafi verið vísað til sérfræðings. Samkvæmt gögnum málsins hafi stefnandi verið til eftirlits hjá Valþóri Hlöðverssny, lækni á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar, á slysárinu 2010. Ekki verður séð að hún hafi leitað læknisaðstoðar næstu ár eftir slysið en næsta vitjun stefnanda til læknis sé rúmum fimm árum eftir slysið eða 21. september 2015. Í stefnu komi fram að stefnandi hafi verið frá vinnu í tæpa tvo mánuði eftir slysið. Rétt sé að miða stöðugleikapunkt við það tímamark er stefnandi hafi hafið störf að nýju.

Af hálfu stefnda, Fjallabyggðar, sé því aðallega haldið fram og á því byggt að fyrningarfrestur hafi hafist í lok slysársins 2010 og í síðasta lagi í lok ársins 2015 þegar stefnandi hafi leitaði sér aftur læknisaðstoðar. Undirliggjandi fjárkröfur stefnanda séu því fyrndar frá og með árslokum 2014 og í síðasta lagi frá og með árslokum 2019.

Þar sem undirliggjandi fjárkröfur stefnanda hafi verið fallnar niður fyrir fyrningu þegar mál þetta hafi verið höfðað skorti stefnanda lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um kröfur sínar. Beri af þessari ástæðu að vísa máli þessu frá héraðsdómi í samræmi við nýleg fordæmi.

Stefnandi mótmælir frávísunarkröfu stefnda Fjallabyggðar og þeim sjónarmiðum sem stefndi Sjóvá heldur fram til stuðnings þess að málinu skuli vísað frá.

Stefnandi telur málið að fullu reifað. Vegna atvika hafi ekki gefist ráðrúm til að afla matsgerðar í málinu en það verði gert undir rekstri málsins, til að sýna fram á orsakatengsl milli tjónsatburðar og varanlegs heilsu- og fjártjóns stefnanda. Rétt sé að veita stefnanda svigrúm í þessum efnum líkt og hafi ítrekað verið gert í sambærilegum málum. Stefnandi eigi stöðu að lögum til að fá dóm um réttindi sín og telur þannig ótvírætt að hún eigi mikla lögvarða hagsmuni í málinu eins og áskilið sé þegar leitað er eftir viðurkenningu á bóta- eða fjárkröfu. Ágreiningslaust verði að telja að efnisleg úrlausn í málinu skipti miklu fyrir réttarstöðu aðila þess.

Þá telur stefnandi að ekki verði velkst í vafa um hvaða kröfur sé að ræða og stefndu geti þannig tekið með fullnægjandi hætti til varna. Gerð sé í stefnu fullnægjandi grein fyrir málsatvikum og málsástæðum stefnanda.

Niðurstaða

Ekki er ágreiningur í málinu um tjónsatburð. Stefnandi varð fyrir slysi þegar hún féll niður af þaki húss síns [...], 2. júní 2010, þar sem hún var að undirbúa málun. Þá hefur ekki verið gerður ágreiningur um að fallið hafi verið u.þ.b. þrír metrar niður á steintröppur.

Stefnandi var flutt strax með sjúkrabíl á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar og síðan með sjúkraflugi á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri þar sem hún mun hafa dvalist í sjö vikur.

Stefndi var frá 1. júní 2010 ráðgjafarþroskapjálfi/deildarstjóri málefna fatlaðra hjá stefnda Fjallabyggð og naut sem slík á slysdegi réttar samkvæmt frístundatryggingu hjá stefnda Sjóvá.

Hún kveðst hins vegar ekki hafa vitað af tryggingunni á þeim tíma og því ekki verið upplýst um þessi réttindi sín.

Samkvæmt stefnu málsins varð stefnandi fyrir alvarlegu tjóni og þurfti að sögn að minnka vinnu sína fljótlega í 75% árið 2014 og svo tilneydd til að hætta allri vinnu árið 2016. Frá 1. mars 2019 var hún metin til 75% örorku til réttinda frá Tryggingastofnun ríkisins.

Stefnandi leitaði til lögmanns 2019 og gaf út umboð 28. ágúst það ár. Slysið var tilkynnt stefnda Sjóvá sama dag. Áður hafði fyrri lögmaður stefnanda verið í sambandi við stefnda Fjallabyggð í apríl sama ár. Ágreiningslaust er að forsvarsmönnum stefnda Fjallabyggðar var kunnugt um slysið strax enda stefnandi stjórnandi hjá bæjarfélaginu og talsvert frá vinnu í kjölfar slyssins.

Stefndi byggir á því að það hafi ekki verið fyrir en í lok ársins 2018 sem hún hafi fengið upplýsingar um tilvist tryggingarinnar og því hafi hún tilkynnt um tjónið innan frests samkvæmt skilningi 134. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Greiðsluskylda félagsins sé því fyrir hendi. Stefndi Sjóvá fullyrðir hins vegar og styður það gögnum að stefnandi hafi tilkynnt slysið fyrst til félagsins 21. apríl 2015 og félagið hafi hafnað kröfunni 11. maí það ár eftir nokkur tölvuskeytasamskipti við stefnanda.

Mál þetta er, a.m.k. á þessu stigi, vanreifað. Til að mynda liggur ekki fyrir afdráttarlaust sönnunargagn um hvort orsakatengsl séu milli slyssins 2010 og núverandi ástands stefnanda og hvort hún hafi orðið fyrir varanlegu heilsutjóni sem rekja megi til þess og hvert það tjón þá sé. Í þeim efnum blasir við af læknisfræðilegum gögnum að mjög getur þar reynt á skil milli þess ástands stefnanda sem hugsanlega verður rakið til slyssins eða á sér aðrar orsakir. Um þessi atriði liggja ekki fyrir fullnægjandi gögn. Engin matsgerð liggur fyrir í málinu eða annað

sérfræðilegt gagn sem aflað hefur verið eftir atvikum með aðkomu stefndu í málinu, en á það hefur reyndar verið bent að samkvæmt skilmálum þeirrar tryggingar sem hér er fjallað um bar stefnanda að afla örorkumats innan þriggja ára frá slysdegi, en slíkt getur eftir atvikum leitt til sýknu og eru reyndar fordæmi þess. Um vanreifun málsins á þessum grunni, þýðingu hennar fyrir frávísunarkröfu málsins og þá möguleika stefnanda að bæta úr henni undir frekari rekstri málsins verður ekki fjallað nánar vegna sjónarmiða hér á eftir og forsendum fyrir niðurstöðu dómsins.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 er heimilt að höfða mál til að leita viðurkenningardóms um kröfu, enda hafi aðili lögvarða hagsmuni af því að skorið sé úr um tilvist eða efni réttinda eða réttarsambands. Áskilnaður ákvæðisins um lögvarða hagsmuni hefur í dómum Hæstaréttar og Landsréttar verið skýrður svo, að sá er höfðar mál til viðurkenningar á skaðabótaskyldu verður að leiða nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni og gera grein fyrir því í hverju tjón hans felist og hver tengsl þess séu við atvik máls. Einnig hefur í m.a. nýlegum dómsúrlausnum, verið horft til þess, með nokkuð afdráttarlausum hætti, hvort krafa sem hafi stofnast hafi fallið niður fyrir fyrningu. Dómurinn lítur svo á að í því sambandi geti þá niðurstaðan einnig orðið sú að horft verði við þetta mat til þess hvort áður lögvarin krafa hafi fallið niður með ótvíræðum hætti fyrir aðrar sakir, s.s. vegna tómlætis, eftirgjafar eða greiðslu svo dæmi séu tekin.

Bótaábyrgð stefnda Fjallabyggðar er ekki byggð á því að sveitarfélagið hafi borið ábyrgð á slysinu sjálfu, enda slíkt ekki í mynd miðað við atvik málsins. Ábyrgðin liggja einvörðungu í því að starfsmenn stefnda hafi ekki upplýst stefnanda um tilvist þeirra réttinda til bóta vegna slyssins, sem hún hafi, a.m.k. á slysdegi, notið.

Eins og stefnandi leggur mál sitt upp gagnvart stefnda Fjallabyggð er ekki hægt að ganga út frá öðru en að stefnandi byggji á því að samkvæmt almennum viðmiðum lögum og reglum sé bótaréttur hennar fallinn niður. Þannig verður að mati dómsins ekki fallist á dómkröfur stefnanda gagnvart Fjallabyggð nema starfsmenn sveitarfélagsins hafi borið ábyrgð á því að stefnandi hafi misst réttindi úr tryggingu

hjá stefnda Sjóvá vegna saknæmrar og ólögætrar háttsemi starfsmanna Fjallabyggðar. Ef slysið hefur þannig leitt til tjóns vegna varanlegrar örorku eða annarra afleiðinga fyrir stefnanda, sem bætt yrði úr slysatryggingunni, þá hafi sá réttur glatast.

Dómurinn telur því vanreifað hvernig, miðað við málatilbúnað stefnanda, krafa gagnvart stefnda Sjóvá geti stofnast við svo búíð. Ef fallist verður þannig á kröfu stefnda gagnvart Fjallabyggð þá ber slík niðurstaða í sér að tryggingarfélaginu hafi þá ekki verið tilkynnt um tjónið með fullnægjandi hætti og stefndi Fjallabyggð beri þá ábyrgð á þeim meintu töpuðu réttindum. Ef stefndi Fjallabyggð yrði sýknaður í málinu yrði sú niðurstaða að byggjast á því að sveitarfélagið bæri ekki ábyrgð á því að meint réttindi samkvæmt tryggingunni hafi fallið niður. Skaðabótaskylda kæmi þannig eðli málsins samkvæmt aldrei til greina ef fallist yrði á að krafa á hendur stefnda Sjóvá væri til staðar.

Eins og málið er vaxið verður að líta svo á að fremur hefði mátt vænta þess að málatilbúnaður stefnanda yrði á því byggður að tryggingin væri í gildi, en þá til vara að væri hún fallin niður bæri Fjallabyggð ábyrgð á því og kröfugerð væri þá frekar í ætt við 2. mgr. 19. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Með öðrum hætti verður ábyrgð stefnda Sjóvár ekki komið við að mati dómsins eins og málatilbúnaði stefnanda er háttað. Ábyrgð samkvæmt aðalkröfu stefnanda verður þannig ekki komið við gagnvart stefnda Fjallabyggð nema á þeim grundvelli að ábyrgð stefnda Sjóvár sé ekki til staðar.

Því verður ekki séð að stefnandi hafi, eins og hann leggur mál sitt upp, lögvarða hagsmuni af því að fá leyst úr kröfum sínum á hendur stefnda Sjóvá eins og þær eru fram settar í máli þessu.

Samhengi á milli dómkrafna stefnanda og málsástæðna í málinu er og afar óljóst og óútskýrt, en kröfugerðin gengur ekki upp með þeim hætti sem hún er fram sett miðað við málatilbúnað stefnanda að öðru leyti.

Þegar af þessari ástæðu verður kröfum á hendur stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. vísað frá dómi án kröfu.

Nauðsynlegt er hins vegar að fjalla, í tengslum við frávísunarkröfu stefnda Fjallabyggðar, um áhrif tilkynningar stefnda á tjóninu til stefnda Sjóvár árið 2015. En nokkur líkindi verður að telja fyrir því að sú tilkynning og misbrestur á viðbrögðum við henni leiði einnig ein og sér til frávísunar krafna á hendur félaginu. Einnig leiði skortur á lögvörðum hagsmunum til frávísunar og þá tómlæti og reyndar, að mati dómsins, einnig fyrning því krafa á hendur stefnda Sjóvá fynnist vafalaust á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs þegar tilkynnt var um tjónið til félagsins ef ekki talsvert fyrr.

Framangreind niðurstaða yrði leidd af þeirri staðreynd að stefnandi tilkynnti sannanlega um tjónið til stefnda Sjóvár með tölvuskeyti 21. apríl 2015. Stefndi hefur lagt fram gögn sem staðfesta þetta að mati dómsins, en þeim hefur ekki verið mótmælt af stefnanda. Verður lagt til grundvallar að þessi samskipti hafi átt sér stað milli aðila og á þessum tíma, þrátt fyrir að stefnandi sjái ekki ástæðu til að geta þeirra í stefnu málsins.

Af tilkynningu stefnanda verður svo ráðið að eigi síðar en þá hafi henni verið kunnugt um trygginguna sem og að hún hafi litið svo á að slysið hefði haft í för með sér tjón fyrir hana og myndi hugsanlega leiða til frekara tjóns.

Þessari tilkynningu um slysið var svarað með bréfi stefnda Sjóvár 11. maí 2015 þar sem kröfum var hafnað með vísan til þess að tilkynning væri of seint fram komin samkvæmt 124. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, sbr. og 22. gr. váttryggingaskilmála. Byggði félagið á því að ársfrestur til að tilkynna um slysið hefði liðið ári eftir að slysið varð. Í bréfinu var stefnanda bent á að hún yrði að skjóta þessari afstöðu félagsins til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum eða til dómstóla innan árs frá tilkynningunni, annars myndi hún tapa rétti samkvæmt ákvæðinu. Stefnandi gerði hvorugt. Úrskurðarnefndin hefur þannig ekki fjallað um málið miðað við framlögð

gögn og málinu var ekki stefnt fyrir dómstóla fyrr en rétt rúmum fimm árum eftir að bréfið var skrifað. Eftir atvikum mætti fallast á það að málshöfðunarfrestur stefnanda gagnvart stefnda Sjóvá hafi öðlast endurnýjaða lífdaga, ef þannig má að orði komast, þegar stefnanda var gefinn eins árs frestur með tölvuskeyti 30. ágúst 2019 til lögmanns stefnanda, en málið var sannanlega höfðað innan árs frá þeim tíma. En þetta tölvuskeyti var sent eftir að erindi barst frá lögmanni stefnanda til félagsins. Ekki er óvarlegt að álykta að þann dag hafi fyrri samskipti félagsins við stefnanda farið fram hjá aðilum. Það breytir þó í engu niðurstöðu um frávísun málsins gagnvart Sjóvá sem allt að einu verður byggð á framangreindri vanreifun og óskýrleika í málatilbúnaði sem og tómlæti. Tilkynning, sem ágreiningslaust er að barst til stefnda Sjóvár í apríl 2015, hefur og burtséð frá framangreindum málshöfðunarfresti gagnvart félaginu, sjálfstæða þýðingu við úrlausn um frávísunarkröfu stefnda Fjallabyggðar.

Eina og að framan greinir hefur þannig ekki verið gerður ágreiningur um að stefnandi hafi tilkynnt sjálf um slysið 21. apríl 2015 og gert þar með kröfu í trygginguna. Þetta gerir stefnandi eftir að hafa þurft að minnka starfshlutfall sitt í 75% árið áður og fengið útgefinn af sínum lækni samskiptaseðil vegna heimsóknar 8. apríl 2015 en þar var tilgreint slæmt ástand stefnanda sem rakið var til slyssins 2010. Verður gengið út frá því, miðað við gögn málsins og samskiptaseðil sem heimilislæknir stefnanda ritaði þá, að þarna hafi stefnandi mátt gera sér skýra grein fyrir því að slysið gæti hafa haft varanlegar afleiðingar í för með sér á heilsu hennar.

Bótaábyrgð vegna meintrar vanrækslu starfsmanna Fjallabyggðar verður aldrei lögð á bæjarfélagið vegna atvika eða vanrækslu eftir 21. apríl 2015. Bótaskyldan hlýtur því þá, miðað við málatilbúnað stefnanda, að hafa stofnast fyrir þann tíma, enda vafalaust að engin orsakatengsl geta þá lengur verið á milli meintrar saknæmrar háttsemi starfsmanna stefnanda og meints tjóns stefnanda. Jafnvel verður að líta svo á að meint bótaábyrgð hafi þá stofnast mjög skömmu eftir slysið 2010. Þá hafi starfsmönnum stefnda hugsanlega verið rétt að tilkynna með formlegum hætti eða kynna sérstaklega fyrir stefnanda hverra réttinda hún nyti ef litið verður svo á að henni hafi ekki mátt vera þau kunn. Vanræksla starfsmanna Fjallabyggðar getur þannig ekki hafa komið

til eftir að stefnanda var, án nokkurs vafa, kunnugt um tilvist tryggingarinnar. Án þess að nokkru verði slegið föstu í málinu um hvenær meint bótaskylda hafi skapast þarna, eða starfsmenn stefnda hafi yfirhöfuð gerst sekir um vanrækslu sem leitt gæti til bótaskyldu, verður þó að benda á að eftir að stefnandi kemur aftur til starfa 2010 er ekkert sem bendir til þess næstu árin eftir slysið að starfsmenn sveitarfélagsins hafi mátt ætla að einhverjir eftirmálar yrðu af slysinu þannig að sú krafa hefði verið gerð til þeirra að hlutast sérstaklega um að kynna stefnanda rétt sinn samkvæmt slysatryggingunni.

Dómurinn telur óhætt að slá því föstu í málinu að hin meinta bótaskylda háttsemi sem grundvalla á kröfur stefnanda á hendur Fjallabyggð, hljóti að hafa átt sér stað á árinu 2010 og krafa stefnanda á þeim grunni stofnast þá. Stefnandi hefur á hinn bóginn ekki reynt að halda öðru fram í málinu en að það hafi ekki verið fyrir en með tölvuskeyti þáverandi lögmanns hennar 3. apríl 2019 sem kröfu var fyrst beint að stefnda Fjallabyggð í málinu, þótt óljóst megi telja á hvaða grunni það yrði nákvæmlega gert miðað við kröfubréf stefnanda. Það er síðan ekki fyrir en með stefnu málsins, sem birt var 25. maí 2020, að fullbúinni kröfu er beint að stefnda Fjallabyggð með rökstuðningi um á hvaða grunni og málsástæðum hún sé byggð.

Því blasir við að þegar stefnandi beindi fyrst kröfum að réttu lagi að stefnda Fjallabyggð var ekki nema um vika þar til tíu ár voru liðin frá slysdegi. Þegar krafa stefnanda á hendur Fjallabyggð var fyrst á málguð í apríl 2019 voru hartnær níu ár liðin frá stofnun kröfunnar. Ef litið verður til apríl 2015, sbr. framangreint, sem telja verður sanngjarnara viðmið gagnvart stefnanda með vísan til væntanlegrar huglægrar afstöðu hennar til kröfunnar, er um að ræða ýmist fjögurra ára bið eða, eftir atvikum, rúmlega fimm ára tímabil þar sem stefnandi aðhafðist ekkert gagnvart sveitarfélaginu. Í þessu sambandi verður að horfa til þess að krafa stefnanda er ekki skýr heldur byggist sannanlega á grunni sem ágreiningur hefur verið gerður um. Þá telur dómurinn óhætt að ganga út frá því að krafan hafi komið stefnda Fjallabyggð í opna skjöldu árið 2019.

Dómurinn telur því að þegar mál þetta var höfðað hafi krafa stefnanda verið fallin niður fyrir tómlæti gagnvart stefnda Fjallabyggð samkvæmt almennri ólögfestri reglu um tómlæti. Er því að mati dómsins ekki ástæða til að fjalla sérstaklega um hvort

krafan sé fyrnd. Um það atriði athugist þó að ekki verður séð að ágreiningur hafi verið gerður í munnlegum málflutningi um að fyrningarfrestur vegna krafna stefnanda sé fjögur ár samkvæmt lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, þ.e. frá þeim tíma er sá er kröfuna á fékk nauðsynlegar upplýsingar um atvik er krafa hans er reist á. Í því sambandi athugist að krafa á hendur báðum stefndu er skaðabótakrafa innan samninga, þótt færa mætti rök fyrir því að um fyrningarfrestart kröfu gagnvart Fjallabyggð færi samkvæmt 2. m. 9. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007, en ekki hefur verið á því byggt. Ekki er hins vegar, að mati dómsins, þörf á að skera úr um það í málinu eða hugsanlegt upphaf fyrningarfrests, sbr. framangreint og málatilbúnað aðila.

Með því að krafa stefnanda gagnvart stefnda Fjallabyggð telst því niður fallin sökum tómlætis verður kröfum á hendur stefnda vísað frá dómi líkt og kröfum gegn stefnda Sjóvá, þar sem stefnandi hefur ekki lögvarða hagsmuni af málssókninni eins og gert er að skilyrði í 25. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 91/1991. Þar skiptir ekki máli þótt Fjallabyggð hafi í greinargerð fremur byggt frávísunarkröfu á vanreifun og fyrningu, þar sem stefndi reifaði einnig tómlætissjónarmið við munnlegan málflutning, og kröfu verður almennt vísað frá dómi af sjálfsdáðum ef skilyrði 25. gr. skortir.

Í stefnu málsins er krafa um málskostnað sett fram eins og stefnandi hafi fengið gjafsóknarleyfi. Slíkt leyfi hefur ekki verið lagt fram í málinu og er óhjákvæmilegt að ganga út frá því að þess hafi ekki verið aflað eða skilyrði fyrir útgáfu þess skort.

Eins og mál þetta er vaxið verður á grundvelli 3. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála málskostnaður milli aðila felldur niður, en mörg fordæmi styðja slíka niðurstöðu þrátt fyrir nokkuð afdráttarlaust ákvæði 2. mgr. sömu greinar.

Um frávísunarkröfu stefnda Fjallabyggðar fluttu málið Hjörleifur B. Kvaran lögmaður fyrir stefnda Fjallabyggð, Sigurður Ágústsson lögmaður vegna Kristínar Edvald lögmanns fyrir stefnda Sjóvá-Almennar tryggingar hf. og fyrir stefnanda Hrefnu Katrínu Svavarsdóttur flutti málið Jónas Örn Jónasson lögmaður.

Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

ÚRSKURÐARORÐ

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.